

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Guðrúnu Birgisdóttur  
Dags. 28. september 2023  
Mnr. 2023040034



ÍSAFJARÐARBÆR

## Gjaldskrár 2024 - Skólasvið

Á 458. Fundi fræðslunefndar þann 28. September lauk annarri umræðu um gjaldskrár. Ákvað nefndin að framvegis færi gjaldskrárvinnan fram um vorið svo nýjar gjaldskrár taki gildi á nýju skólaári og gildi sama gjaldskrá allt skólaárið. Því var ákveðið að biðja með breytingar fram á vorið og samþykkti fræðslunefnd almennt 6% hækkun á gjaldskrá, með nokkrum undantekningum:

1. Verð á skólamat í grunnskólum helst óbreytt og verður skoðað í næstu gjaldskrárvinnu að vori hvort ástæða sé til hækkunar.
2. Systkinaafsláttur verði hækkaður úr 30% í 40%. Það er gert með tilliti til hvað önnur sveitarfélög eru að bjóða barnafjölskyldum. Áætlað tekjutap af þessari aðgerð er um 1.200.000.kr miðað við þær tölur sem við erum með í dag þ.e 19 börn í leikskóla og 28 börn í Dægradvöl.
3. Tekjuviðmið tekjutengds afsláttar verði óbreytur. Skoða þarf tekjuviðmið fyrir gerð næstu fjárhagsáætlun 2025 og óskað eftir upplýsingum um fjölda umsókna.
4. Gjaldskrá hækki um 8% fyrir útselda vinnu á Skóla- og tómsundasvið, það er gert með tilliti til annarra hækkana.

Fyrir gjaldskrárvinnuna í vor hyggst fræðslunefnd taka til athugunar matarkostnað í Dægradvöl, leikskólanum Sólborg og í mótuneytinu í Grunnskólanum á Ísafirði. Skoðað verður hvað veldur ósamræmi á innkaupum matvæla og fæðisgjalda.

**Lagt fram til kynningar.**